



# Náttúruverndarsamtök Íslands

## Iceland Nature Conservation Association

**Loftslagsráðherra**  
**Guðlaugur Þór Þórðarson**  
**Loftslagsráðherra**

Reykjavík, 1. júlí 2024

Fyrsti júlí 2024 markar mikilvæg tímamót í vernd norðurslóða, því frá og með þeim degi verður óheimilt að brenna eða flytja skítugasta skipaeldsneytið, svartolíu, í skipum sem sigla á norðurslóðum.

Með þessu er dregið stórlega úr hættunni á olíuslysum þar sem svartolía gæti borist í norðurrhöf. Einnig er með þessu dregið úr sótmengun sem leikur stórt hlutverk í loftslagsbreytingum af mannavöldum. Bannið var samþykkt fyrir þremur árum í Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) með ályktun MEPC.329(76). Ályktunin bætir nýju ákvæði við fyrsta viðauka MARPOL-samningsins sem bannar notkun og flutning á svartolíu sem skipaeldsneyti.

Aðildarríki IMO hafa haft nægan tíma til að innleiða reglurnar í landslög og banna skipum sem sigla undir fána þeirra að flytja eða nota svartolíu sem skipaeldsneyti á norðurslóðum. Útgerðir flutningaskipa sem sigla um norðurrhöf hafa sömuleiðis haft nægan tíma til undirbúnings með því að skipta yfir í hreinna eldsneyti. Norðmenn hafa þegar innleitt bannið á hafsvæðinu í kringum Svalbarða. Nýlega [sektuðu norsk yfirvöld](#) skipstjóra og skipafélag fyrir að vera með svartolíu um borð í skipi við Svalbarða.

Aðildarríkjum IMO er heimilt að banna flutning eða bruna svartolíu innan 12 mílna landhelgi sinnar. Íslensk stjórnvöld hafa því miður enn ekkert aðhafst.

Í samþykkt IMO er strandríkjum norðurhafa heimilt að veita undanþágur þannig að skip sem eru útbúin sérstaklega styrktum eldsneytisgeymum geta haldið áfram að flytja og brenna svartolíu til 1. júlí 2029. Regnhlífarsamtökin [Clean Arctic Alliance](#) fara nú fram á – að aðildarríki IMO innleiði og framfylgi skilyrðislausu banni við notkun svartolíu á norðurslóðum – og nýti sér engar af undanþágum sem gefinn er kostur á í samkomulaginu. Við leggjum einnig til að skipafélög verði hvött til að sýna í verki að þau stuðli að vernd vistkerfis sjávar með því að skuldbinda sig til að nýta ekki undanþágur frá og með 1. júlí. Skipafélög geta skipt út svartolíu og nýtt þess í stað hreinna eldsneyti sem nægt framboð er af, skipagasolíu, skipadísilolíu eða aðra umhverfis-skárri orkugjafa.

Við skorum á loftslagsráðherra að

- innleiða tafarlaust, og framfylgja af staðfestu, skilyrðislausu banni við notkun svartolíu,
- sjá til þess að öll skip á norðurslóðum fari eftir reglunum, í nánú samstarfi fánaríkis og hafnaríkis um eftirliti, þar með talið eftirlit með eldsneyti sem er um borð í skipum sem sigla um norðurslóðir,


- styðja stækkun á því svæði sem bannið nær til, svo að það gildi um allt hafsvæði norðan 60. breiddargráðu, og
- hvetja íslensk skipafélög til að starfa í anda reglugerðarinnar, og fela sig ekki á bak við undanþágur.

Með þessu er hægt að útiloka hættu á að svartolíuslys mengi óspillta náttúru norðurskautsins, og draga um leið úr loftmengun sem stuðlar að því að hægja á áhrifum loftslagsbreytinga af mannavöldum á vistkerfi norðurslóða.

Í viðhengi er að finna nýja skýringarmynd um innleiðingu svartolíubannsins („[are you HFO ready?](#)“).

Virðingarfyllst,

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands



Árni Finnsson



**URGENT REMINDER!**

## Are you HFO ready?

The IMO's Arctic heavy fuel oil (HFO) Regulation bans the use and carriage of HFO as fuel from **1 July 2024**.

**Arctic shipping is growing**  
Between 2013 - 2023

- +37% number of ships
- +111% distance sailed

Source: PAME, 2024

**SAY NO TO HFO!**

**THE CLEAN ARCTIC ALLIANCE CALLS FOR:**

- Immediate regulation by IMO to **reduce black carbon emissions** to slow down the Arctic meltdown.
- Strong enforcement** by all countries of the HFO ban from 1 July 2024 with **no waivers issued\***.
- Extension** of the area covered by the ban to include **all Arctic waters north of 60°N**.
- The **shipping industry** to not hide behind the use of exemptions\* and switch immediately to **cleaner fuels** or **alternative propulsion**.

\* Exemptions for ships with protected fuel tanks along with waivers issued by Arctic coastal states could mean that the **HFO ban is not fully implemented until 1 July 2029!**

**CLEAN ARCTIC ALLIANCE**  
cleanarctic.org | @CleanArctic